

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Hornafirði, 20. janúar 2020  
nr. erindis 202001062 MÁ

**Málefni: Umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar: Drög að frumvarpi um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða.**

Sveitarfélagið Hornafjörður sendi frá sér umsögn á fyrri stigum vinnu að þessu frumvarpi. Ánægjulegt er að sjá að frumvarpið hefur tekið breytingum í takt við þær umsagnir. Sveitarfélagið hefur nú sent athugasemdir við frumvarp um Hálendisþjóðgarð sem eiga einnig við um þetta frumvarp.

Sveitarfélagið Hornafjörður gerir athugasemd varðandi 23. gr. frumvarpsins.

Þar kemur m.a. fram: *...að stjórn Hálendisþjóðgarðs fer yfir tillögur umdæmisráða og vinnur stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn í heild. Stjórn getur gert breytingar á tillögum umdæmisráða.* Er ekki rétt að umdæmisráð fái tillögur sem stjórn hefur gert breytingar á til umfjöllunar á ný á því stigi stjórnsýslunnar áður en gerðar eru breytingar. Samráðið verði að fylgja alla leið til að tryggja aðkomu sveitarfélaga að skipulaginu.

Einnig kemur fram í frumvarpinu að stjórn getur lagt til breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun án þess að um það berist tillaga frá viðkomandi umdæmisráði. Í þeim tilvikum skal ávallt leita umsagnar viðkomandi umdæmisráðs áður en tillagan er send ráðherra. Hér er samráðið tryggt, þ.e. ef stjórn hefur frumkvæði að breytingum á stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðs.

*Í frumvarpinu kemur fram að lagt er til að tillögur um stjórnunar- og verndaráætlun skulu unnar í samráði við hlutadeigandi fagstofnanir ríkisins. Við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar skal hafa samráð við eigendur lands innan þjóðgarðs, sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Stjórnir þjóðgarða og umdæmisráð vinna stjórnunar- og verndaráætlun í samvinnu við forstjóra Þjóðgarðastofnunar. Starfslið þverfaglegar starfsemi Þjóðgarðastofnunar skal taka þátt í gerð stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðs og veita þjónustu og faglega aðstoð við vinnslu hennar.*

Mikilvægt er að benda á í þessu samhengi mikilvægi heimaaðila. Unnin hefur verið stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulþjóðgarð og nú er í vinnslu stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand eftir að hann fór inn í þjóðgarðinn. Sú vinna hefur verið unnin af heimamönnum sem eru; sérfræðingar hjá rannsóknarsetri Háskóla Íslands, hjá Nýheimum Þekkingasetri og starfsmönnum Náttúrustofu Suðausturlands. Það er gríðarlega

mikilvægt að styðja við það fræða- og fagstarf sem hægt er að nýta í heimabyggð í stað þess að fela það eingöngu ríkisstofnunum sem oft á tíðum hafa ekki starfsemi á landsbyggðinni.

Þjóðgarðastofnun ætti að vera hægt að staðsetja hvar sem er innan þjóðgarðs. Það er mikilvægt að horfa til „starfa án staðsetningar“ við stofnun slíkrar ríkisstofnunar og að störfum sé markvisst dreift um landið. Höfuðstöðvar geta t.d. verið í Sveitarfélaginu Hornafirði!

Fyrir hönd Sveitarfélagsins Hornafjarðar

*Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri*